

Controlant hf.
Ársreikningur 2021
Móðurfélag

Controlant hf.
Holtasmári 1
201 Kópavogi

Kt. 670605-0780

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	5
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Eiginfjárfirlit	9
Sjóðstreymisyfirlit	10
Skýringar	11

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Félagið og starfsemi þess

Meginrekstur félagsins felst í sölu og þróun á lausnum félagsins, sem samanstanda af vélbúnaði, hugbúnaði og þjónustu með sérstaka áherslu á alþjóðleg lyfjafyrirtæki til að minnka áhættu og sóun í aðfangakeðjunni. Starfsemi félagsins fer að miklu leyti fram á Íslandi en tekjur félagsins koma nánast allar frá alþjóðlegum viðskiptavinum.

Auk þessa móðurfélagsársreiknings gerir félagið samstæðuársreikning fyrir sig og dótturfélög sín. Rekstur dótturfélaganna er fyrst og fremst þjónusta við móðurfélagið í tengslum við þjónustu þess við viðskiptavinum félagsins.

Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla og breyting á starfrækslugjaldmiðli

Þetta er fyrsti ársreikningur félagsins sem gerður er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) en ársreikningar fyrri ára voru gerðir í samræmi við lög um ársreikninga. Í skýringu 17 er gerð grein fyrir fjárhagslegum áhrifum innleiðingar staðlanna á félagið. Frá og með árinu 2021 er starfrækslugjaldmiðill félagsins bandaríkjadólar (USD) en var áður íslensk króna. Samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum telst starfrækslugjaldmiðill félagsgjaldmiðill aðalefnahagssumhverfisins sem félagið starfar í.

Rekstur félagsins og þróun á árinu 2021

Verulegur viðsnúningur varð á rekstri félagsins á árinu 2021. Þannig hækkuðu rekstrartekjur félagsins úr USD 6,3 millj. árið 2020 í USD 67,2 millj. árið 2021. Hagnaður ársins nam USD 10,7 millj. samanborið við USD 10,2 millj. tap á árinu 2020. Vegna þessarar bættu afkomu hefur eiginfjárstaða félagsins batnað verulega milli ára. Þannig nam eigið fé í árslok 2021 USD 32,0 millj. en eigið fé í árslok 2020 var um USD 13,8 millj. Samhliða auknum umsvifum félagsins hefur starfsmönnum fjölgað milli ára en fjöldi ársverka á árinu 2021 var 238 samanborið við 82 árið 2020. Ástæður aukinna umsvifa félagsins má einkum rekja til samninga félagsins við alþjóðleg lyfjafyrirtæki um innleiðingar lausna félagsins þar sem samningur við Pfizer um vöktun á öllum bóluefnum þess félags við Covid-19 hefur haft mest að segja. Vegna góðrar afkomu á árinu 2021 og sterkrar lausafjárstöðu í árslok telja stjórnendur félagsins að rekstrarhæfi sé tryggt þrátt fyrir taprekstur á fyrri árum. Þá hefur rekstur ársins 2022 farið vel af stað.

Á árinu hélt félagið áfram þróunarverkefni um sjálfvirka ferilvöktun og rekjanleika og nam eignfærður þróunarkostnaður í árslok samtals USD 10,8 millj. (2020: USD 4,8 millj.). Eignfærður þróunarkostnaður ársins nam USD 8,0 millj. (2020: USD 3,6 millj.). Nánari upplýsingar um þróunarverkefni félagsins er að finna skýringu 8.

Á árinu 2021 greiddi félagið upp breytanleg skuldabréf, sem gefin voru út árið 2020. Endurgreiðslan var 50% í reiðufé og 50% með útgáfu nýs hlutfjár upp á 405.742 hluti.

Helsta fjárhagslega áhætta félagsins er gjaldmiðlagengisáhætta vegna rekstrarkostnaður í íslenskum krónum. Önnur markaðsverðisáhætta er óveruleg. Helstu tekjustoðir félagsins eru fáir en stórir og traustir viðskiptavinir og hefur niðurfærsla viðskiptakrafna verið óveruleg. Stjórnendur meta því áhættu vegna viðskiptakrafna óverulega. Lausafjáráhætta er sömuleiðis talin vera óveruleg vegna sterkrar stöðu handbærs fjár.

Samþjöppunaráhætta er helsti áhættuþáttur félagsins vegna þess að félagið er með fáa en trausta viðskiptamenn eins og fyrr greinir. Covid-19 hafði verulega áhrif á félagið og er tekjuvöxtur 2021 mikið til tengdur Covid-19 og því óvissa til lengra tíma um þróun þeirra tekjustofna. Félagið hefur byggt upp traust viðskiptasambönd og gert langtímasamninga við viðskiptamenn sína, en engu að síður er eitt mikilvægasta verkefni félagsins að breikka viðskiptamannagrunn félagsins á komandi árum til að minnka samþjöppunaráhættu.

Stjórnun og starfsmannamál

Í árslok störfuðu 329 starfsmenn hjá félaginu, 197 karlar og 132 konur. Í stjórn félagsins eru tvær konur og þrjú karlar og uppfyllir félagið því lög um kynjahlutföll stjórnarmanna. Í framkvæmdastjórn félagsins eru fjórir karlar og þrjár konur. Upplýsingar um laun og launatengd gjöld er að finna í skýringu 4. Fjöldi ársverka var 238 á árinu 2021 samanborið við 82 á árinu 2020.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.

Stjórnun og starfsmannamál

Félagið hefur gert kaupréttarsamninga við stjórnendur og aðra starfsmenn um kaup á hlutabréfum sem gerð er grein fyrir í skýringu 15.

Framtíðarhorfur

Rekstur félagsins hefur gengið vel það sem af er árinu 2022. Félagið reiknar með verulegri tekjuaukningu og að starfsmönnum muni eitthvað fjölga á árinu tengt vexti félagsins, fjölgun viðskiptavina og áframhaldandi frekari þróun á lausnum félagsins.

Góðir stjórnarhættir og ófjárhagslegar upplýsingar

Vegna þess hversu umfang og rekstur félagsins hefur vaxið allra síðustu ár mun félagið að óbreyttu samkvæmt lögum um ársreikninga teljast hafa verið stórt félag tvö ár í röð frá og með árinu 2022. Gangi það eftir mun félagið í ársreikningi fyrir árið 2022 birta upplýsingar um stjórnarhætti sem og ófjárhagslegar upplýsingar eins og krafist er af stórum félögum. Vinna við að uppfylla þessar lagakröfur stendur yfir.

Hlutfé félagsins nam í árslok 6.024 þús. kr. að nafnverði. Hlutfé í árslok skiptist á 219 hluthafa en þeir voru 147 ársbyrjun. Eignarhlutur tíu stærstu hluthafa er eftirfarandi:

	Nafnverð	Hlutdeild
Frumtak 2 slhf.	523.640	8,7%
Stormtré ehf.	399.706	6,6%
Líra ehf.	285.825	4,7%
Kaskur ehf.	259.440	4,3%
Furinge Invest ApS	239.388	4,0%
HB6 ehf.	226.109	3,8%
TT Investments ehf.	186.964	3,1%
Sio ehf.	173.585	2,9%
NG Invest Ltd	150.973	2,5%
SH32 ehf.	139.120	2,3%
	2.584.750	42,9%
Aðrir hluthafar (209)	3.439.721	57,1%
Samtals hlutfé samkvæmt ársreikningi	6.024.471	100,0%

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur út arður til hluthafa á árinu 2022, en vísað er til eiginfjárfirlits um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum. Stjórn og framkvæmdastjóri Controlant hf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2021 og staðfest hann með undirritun sinni.

Kópavogi, 7. júní 2022.

Í stjórn félagsins:

DocuSigned by:
Ásthildur Óthársdóttir
9D80BA86F33D43A...

DocuSigned by:
Frosti Ólafsson
695191EF91F7403...

DocuSigned by:
Kristín Friðgeirsdóttir
8B6561432F4611499...

DocuSigned by:
Jørgen Rugholm
6B50410FD3450...

DocuSigned by:
Gísli Herjólfsson
60562B74819649D...

DocuSigned by:
Trausti Þórmundsson
6B50410FD3450...

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Controlant hf.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Controlant hf. fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2021 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í lögum nr. 3/2006 um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í lögum nr. 3/2006 um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og við höfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum..

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga


Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 7. júní 2022

KPMG ehf.

Jón Sigurður Helgason

Jón Arnar Óskarsson

DocuSigned by:

F8D80F2038BD425...

Rekstrarreikningur ársins 2021

	Skýr.	2021	2020*
Rekstrartekjur			
Sala vöru og þjónustu	3	67.166.033	6.255.938
		<u>67.166.033</u>	<u>6.255.938</u>
Rekstrargjöld			
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu		23.543.357	3.523.015
Laun, launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður	4	15.055.103	5.820.817
Annar rekstrarkostnaður	5	4.797.799	2.107.953
Afskriftir	6	20.867.352	1.963.480
		<u>64.263.611</u>	<u>13.415.265</u>
Rekstrarhagnaður (-tap) fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		2.902.422	(7.159.328)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		40.842	34.854
Vaxtagjöld	(1.601.789)	(1.433.246)
Gengismunur		3.569.464	(1.040.760)
Framvirkir samningar	16	(160.191)	0
		<u>1.848.326</u>	<u>(2.439.152)</u>
Áhrif dótturfélaga	10	340.386	(626.422)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt		5.091.134	(10.224.901)
Tekjuskattur	7	5.529.614	0
		<u>10.620.748</u>	<u>(10.224.901)</u>
Hagnaður (tap) ársins		<u>10.620.748</u>	<u>(10.224.901)</u>
Rekstrarliðir sem kunna að verða endurflokkaðir í rekstrarreikning færðir beint á eigið fé:			
Þýðingarmunur vegna starfsemi dótturfélaga	(12.223)	4.250
		<u>10.608.525</u>	<u>(10.220.651)</u>
Heildarhagnaður (-tap) ársins		<u>10.608.525</u>	<u>(10.220.651)</u>

*Endurgerður rekstrarreikningur vegna innleiðingar alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Sjá skýringar 2.a og 17.

Skýringar á blaðsíðum 11 til 21 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr.	31.12.2021	31.12.2020*	1.1.2020*
Eignir				
Þróunarkostnaður	8	10.787.217	4.816.014	2.318.725
Aðrar óefnislegar eignir	8	1.521.980	120.070	124.115
Rekstrarfjármunir	9	87.840.062	12.897.830	1.531.345
Eignarhlutir í dótturfélögum	10	582.099	196.763	108.676
Tekjuskattseign	7	5.529.614	0	0
Fastafjármunir samtals		<u>106.260.972</u>	<u>18.030.677</u>	<u>4.082.861</u>
Birgðir		44.436.187	1.792.840	525.839
Viðskiptakröfur	11	15.597.114	2.062.656	263.889
Kröfur á dótturfélög	15	2.502.472	343.939	376.806
Aðrar skammtímakröfur	12	59.988.044	5.212.129	784.422
Handbært fé		4.497.474	22.060.196	1.760.769
Veltufjármunir samtals		<u>127.021.291</u>	<u>31.471.760</u>	<u>3.711.725</u>
Eignir samtals		<u><u>233.282.263</u></u>	<u><u>49.502.438</u></u>	<u><u>7.794.587</u></u>
Eigið fé				
Hlutfé		47.437	42.456	35.216
Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutfjár		21.085.040	13.954.538	6.323.066
Annað bundið eigið fé		11.234.871	4.852.471	2.280.293
Ójafnað eigið fé		(395.967)	(5.077.448)	(2.379.478)
Eigið fé samtals	13	<u>31.971.381</u>	<u>13.772.016</u>	<u>6.259.096</u>
Langtímaskuldir				
Breytanlegt vaxtaberandi lán		0	10.253.903	0
Leiguskuld	14	6.458.544	2.181.906	0
Langtímaskuldir samtals		<u>6.458.544</u>	<u>12.435.809</u>	<u>0</u>
Skammtímaskuldir				
Skuldir við lánastofnanir		765.932	0	408.551
Næsta árs afborgun leiguskuldar	14	1.347.993	412.267	0
Skuld við dótturfélög	15	2.378.639	0	0
Viðskiptaskuldir		14.068.803	2.469.549	443.397
Fyrirfram innheimtar tekjur	2.m	173.700.868	18.957.822	65.959
Aðrar skammtímaskuldir		2.590.103	1.454.975	617.584
Skammtímaskuldir samtals		<u>194.852.338</u>	<u>23.294.613</u>	<u>1.535.491</u>
Skuldir samtals		<u>201.310.882</u>	<u>35.730.422</u>	<u>1.535.491</u>
Eigið fé og kuldir samtals		<u><u>233.282.263</u></u>	<u><u>49.502.438</u></u>	<u><u>7.794.587</u></u>

*Endurgerður efnahagsreikningur í árslok 2020 og efnahagsreikningur á innleiðingardeggi vegna innleiðingar alþjóðlegra reikningskilastaðla. Sjá skýringar 2.a og 17.

Skýringar á blaðsíðum 11 til 21 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Eiginfjáryfirlit árið 2021

Skýr.	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur innb. hlutfjár	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Árið 2021					
Eigið fé 1.1.2021 samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum	42.456	13.954.538	4.852.471	(5.077.448)	13.772.018
Áhrif breytanlegs skuldabréfs	3.261	5.917.317			5.920.578
Innborgað hlutfé	1.720	1.213.186			1.214.906
Þýðingarmunur dótturfélaga			(12.224)	(12.224)	
Áhrif dótturfélags			423.445	(423.445)	0
Eignfærsla þróunarkostnaðar			5.971.179	(5.971.179)	0
Hagnaður ársins				10.620.748	10.620.748
Áfallinn kostnaður vegna kaupréttasamninga				455.357	455.357
Eigið fé 31.12.2021	47.437	21.085.041	11.234.871	(395.967)	31.971.382
Árið 2020					
Eigið fé í 31.12.2019 skv. áður birtum ársreikningi	35.216	6.323.066	2.280.293	(2.379.478)	6.259.096
Breytingar vegna innleiðingar alþjóðlegra reikningsskilastaðla	17			0	0
Eigið fé 1.1.2020 samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum	35.216	6.323.066	2.280.293	(2.379.478)	6.259.096
Áhrif breytanlegs skuldabréfs		505.988			505.988
Innborgað hlutfé	7.240	16.849.203			16.856.443
Þýðingarmunur dótturfélaga			4.250		4.250
Áhrif dótturfélags			70.639	(70.639)	0
Eignfærsla þróunarkostnaðar			2.497.289	(2.497.289)	0
Tap ársins				(10.224.901)	(10.224.901)
Áfallinn kostnaður vegna kaupréttasamninga				371.140	371.140
Jöfnun taps		(9.723.720)		9.723.720	0
Eigið fé 31.12.2020	42.456	13.954.538	4.852.471	(5.077.448)	13.772.016

Skýringar á blaðsíðum 11 til 21 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Sjóðstreymisyfirlit árið 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður (tap) ársins	13	10.620.748 (10.224.901)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Áfallinn kostnaður vegna kaupréttarsaminga	4	455.357	371.140
Afskriftir	6	20.867.352	1.963.480
Áhrif dótturfélaga	10 (340.386)	626.422
Tekjuskattur	7 (5.529.614)	0
		<u>26.073.457</u> (<u>7.263.859)</u>
		Veltufé frá (til) rekstrar	
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, hækkun	(42.643.347) (1.267.001)
Skammtímafröfur, hækkun	(68.310.373) (6.226.474)
Skammtímaskuldir, hækkun		167.513.511	21.755.406
		<u>56.559.791</u>	<u>14.261.931</u>
		Breytingar rekstartengdra eigna og skulda samtals	
		<u>82.633.248</u>	<u>6.998.072</u>
		Handbært fé til rekstrar	
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í þróunarkostnaði	8 (9.497.684) (3.583.603)
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	9 (88.110.397) (9.606.963)
Fjárfesting í dótturfélögum	10 (9.331)	0
Kröfur og skuldir á dótturfélög, breyting		125.751	(677.392)
		<u>(97.491.661)</u>	<u>(13.867.958)</u>
		Fjárfestingarhreyfingar	
Fjármögnunarhreyfingar			
Innborgað hlutafé	13	1.214.906	16.856.443
Nýtt breytanlegt skuldabréf		0	10.759.891
Afborganir af breytanlegu skuldabréfi	(4.333.325)	0
Afborganir af leiguskuld	14 (351.822) (38.470)
Skuldir við lánastofnanir, breyting		765.932	(408.551)
		<u>(2.704.309)</u>	<u>27.169.313</u>
		Fjármögnunarhreyfingar	
Breyting á handbæru fé	(17.562.722)	20.299.427
Handbært fé í ársbyrjun		22.060.196	1.760.769
Handbært fé í árslok		<u>4.497.474</u>	<u>22.060.196</u>
Aðrar upplýsingar			
Hlutafé		5.920.578	0
Breytanlegt skuldabréf	(5.920.578)	0

Skýringar á blaðsíðum 11 til 21 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Skýringar

1. Félagið

Controlant hf. („félagið“) er íslenskt hlutafélag og eru höfuðstöðvar þess að Holtasmára 1 í Kópavogi. Meginrekstur félagsins felst í sölu og þróun á lausnum félagsins, sem samanstanda af vélbúnaði, hugbúnaði og þjónustu með sérstaka áherslu á alþjóðleg lyfjafyrirtæki til að minnka áhættu og sóun í aðfangakeðjunni.

2. Reikningsskilaaðferðir

a. Grundvöllur reikningsskilanna

Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Þetta er fyrsti ársreikningur þess sem gerður er í samræmi við staðlana en ársreikningar fyrri ára voru gerðir samkvæmt lögum um ársreikninga.

Starfrækslugjaldmiðill félagsins var ákvarðaður í samræmi við viðeigandi reglur staðlanna og telst hann vera bandaríkjadollar (USD) frá og með árinu 2021 en áður var íslensk króna (ISK) starfrækslugjaldmiðill félagsins. Ársreikningurinn er gerður og birtur í dollurum.

Stjórn félagsins staðfesti ársreikninginn þann 7. júní 2022.

Gerð samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

b. Gjaldmiðlar

Viðskipti í öðrum gjaldmiðum en starfrækslugjaldmiðli félagsins eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í öðrum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í USD á skráðu gengi í lok ársins.

c. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á vörum og þjónustu félagsins eru færðar í rekstrarreikning þegar kaupandi hefur nýtt þjónustuna sem verið er að veita, sem alla jafna er í byrjun eða lok hvers mánaðar eða í byrjun hvers tímabils sem um er samið.

d. Þróunarkostnaður

Á eignaliðinn þróunarkostnaður er færður kostnaður við vöruþróun. Þróunarkostnaður er færður til eignar á verði sem svarar til beins launakostnaðar auk annars kostnaðar vegna þróunar. Gjaldfærsla afskrifta í rekstrarreikning hefst þegar vara er tilbúin til sölu og er afskriftatímabilið þrjú til fimm ár. Bókfært verð þróunarkostnaðar er fært af óráðstöfuðu eigin fé á bundinn reikning meðal eigin fjár í samræmi við lög um ársreikninga.

e. Aðrar óefnislegar eignir og rekstrarfjármunir

Aðrar óefnislegar eignir og rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti miðað við eignarhaldstíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

f. Dótturfélög

Eignarhlutir í dótturfélögum eru eignfærðir á því verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þeirra. Hlutdeild í afkomu dótturfélaga er færð í rekstrarreikning móðurfélagsins.

g. Leigueign

Leigueign er færð á kostnaðarverði og afskrifuð með jöfnum hætti á áætluðum leigutíma. Á hverjum reikningsskiladegi er bókfært verð leigueignar leiðrétt á móti uppreikningi leiguskuldar vegna verðtryggingar leigugreiðslna.

Skýringar, frh.:

2. Reikningsskilaaðferðir

h. Birgðir

Birgðir samanstanda af vöktunarbúnaði á lager sem ætlaður er til þjónustu við viðskiptavini. Þær eru færðar til eignar á kostnaðarverði.

i. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru færðar á nafnverði í efnahagsreikningi að teknu tilliti til niðurfærslu vegna vænts útlánataps.

j. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

k. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema hann varði liði sem eru færðir beint á eigið fé eða í yfirlit um heildarafkomu, en þá er tekjuskatturinn færður á þessa liði.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörssdegi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er færður með notkun efnahagsreikningsaðferðarinnar vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikninginum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Frestaður tekjuskattur er ekki færður vegna fjárfestinga í dótturfélögum. Tekjuskattsskuldbinding er ekki færð vegna viðskiptavildar sem ekki er frádráttarbær skattalega. Fjárhæð frestaðs tekjuskatts er byggð á áætlaðri innlausn eða uppgjöri bókfærðs verðs eigna og skulda með því að beita gildandi skatthlutfalli á uppgjörssdegi.

Tekjuskattseignum og tekjuskattsskuldbindingum er jafnað saman þegar lagalegur réttur er til þess, þau varða tekjuskatt sem lagður er á af sömu yfirvöldum á sama fyrirtæki eða mismunandi fyrirtæki sem eru samsköttuð og gert er ráð fyrir að muni greiða skatta sameiginlega.

Tekjuskattseign er einungis færð að því marki sem líklegt er að hægt sé að nýta framtíðarhagnað á móti eigninni. Tekjuskattseign er metin á hverjum uppgjörssdegi og lækkuð að því marki sem talið er að hún nýtist ekki.

Síðustu ár höfðu áhrif skattalegs taps ekki verið færð vegna óvissu um nýtingu. Í ár var skattalegt tap sem hafði ekki verið eignfært áður eignfært. Nánari upplýsingar um tekjuskatt og yfirfæranlegt skattalegt tap er að finna í skýringu 7.

I. Rekstrarfjármunir

(i) Færsla og mat

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverðið innifelur beinan kostnað sem fellur til við kaupin.

Þegar rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með mislangan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna, sem er mismunur á söluandvirði þeirra og bókfærðu verði, er færður í rekstrarreikning meðal annarra tekna, en tap af sölu meðal annars rekstrarkostnaðar.

Skýringar, frh.:

2. Reikningsskilaaðferðir frh.

I. Rekstrarfjármunir frh.

(ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er eignfærður þegar líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til samstæðunnar og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Bókfært verð hlutarins sem er endurnýjaður er gjaldfærður. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

(iii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar af afskrifanlegri fjárhæð, sem er kostnaðarverð eða endurmetið kostnaðarverð að frádregnu niðurlagsverði. Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Leigðar eignir eru afskrifaðar á þeim tíma sem er styttri, leigutími eða nýtingartíma, nema að ljóst sé að samstæðan muni eignast leigumun í lok leigutíma. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Vöktunarbúnaður	3-5 ár
Skrifstofuáhöld og tæki	3-5 ár

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

m. Fyrirframminnheimtar tekjur

Fyrirframminnheimtar tekjur í árslok er USD 173.7m og eru það tekjur tengdar samningum við Pfizer. Þeir samningar fela í sér að Pfizer greiðir félaginu fyrirfram fyrir þjónustu, sem félagið nýtir til að fjárfesta í rekstrarfjármunum til að tryggja sé að félagið geti alltaf verið í stakk búíð til að veita þá þjónustu sem Pfizer fara fram á hverjum tíma. Stjórnendur félagsins gera ráð fyrir að þessar tekjur verði tekjufærðar að mestu á árunum 2022-2023.

3. Sala vöru og þjónustu

Sala á vöru og þjónustu greinist þannig:

	2021	2020
Sala á þjónustu	66.912.511	3.075.574
Sala á vöru	253.522	3.180.363
Sala á vöru og þjónustu samtals	67.166.033	6.255.937

4. Laun, launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður

Laun, launatengd gjöld og fjöldi starfsmanna greinist þannig:

Laun	17.031.732	7.183.241
Launatengd gjöld	3.627.093	1.549.268
Áfallið orlof	715.969	249.397
Gjaldfærsla kaupréttarsamninga, sjá skýringu 15.	455.357	371.140
Eignfærð laun, sjá skýringu 8	(6.775.048)	(3.532.230)
Laun og launatengd gjöld samtals	15.055.103	5.820.817
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf	238	82
Stöðugildi í árslok	329	128

Laun framkvæmdastjóra námu USD 190 þús. á árinu 2021 (2020: USD 184 þús.). Laun til stjórnar námu USD 40 þús. á árinu 2021 (2020: USD 19 þús.).

Skýringar, frh.:

5. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:	2021	2020
Aðkeypt þjónusta	2.750.250	1.233.269
Gjaldfærð áhöld og tæki, viðhald og rekstrarleiga	925.220	238.633
Annar rekstrarkostnaður	4.895.520	2.019.840
Eignfærður þróunarkostnaður	(3.773.191)	(1.383.789)
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>4.797.799</u>	<u>2.107.953</u>

6. Afskriftir

Afskriftir í rekstrarreikningi félagsins greinast þannig:

Þróunarkostnaður	2.029.380	1.086.314
Aðrar óefnislegar eignir	95.191	22.225
Rekstrarfjármunir	18.092.058	686.430
Leigugæign	650.723	168.512
Afskriftir samtals	<u>20.867.352</u>	<u>1.963.480</u>

7. Tekjuskattur

Tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	5.091.134	(10.224.901)
Reiknaður tekjuskattur miðað við 20% tekjuskatt	(1.018.227)	2.044.980
Skattfrjálsar tekjur - skattaívilnun Rannís	590.580	604.567
Óráðrättarbær kostnaður - kaupréttir	(91.100)	(93.291)
Áhrif dótturfélaga	68.077	(125.284)
Aðrar breytingar	(60.786)	(138.240)
Eign- (niðurfærð) skatteign	6.041.070	(2.292.732)
Tekjuskattur í rekstrarreikningi	<u>5.529.614</u>	<u>(0)</u>

Virkur tekjuskattur	-108,6%	0,0%
---------------------------	---------	------

Tekjuskattseign greinist þannig:

Tekjuskattseign 1.1	0	0
Tekjuskattur ársins	<u>5.529.614</u>	<u>0</u>
Tekjuskattseign 31.12	<u>5.529.614</u>	<u>0</u>

Tekjuskattseign sundurliðast þannig:

Óefnislegar eignir og rekstrarfjármunir	2.031.586	719.608
Leigugæignir	(1.477.605)	(492.826)
Leiguskuldbinding	1.561.307	518.835
Frestaður skattalegur gengismunur	(396.076)	136.850
Yfirfæranlegt skattalegt tap	3.810.402	5.184.612
Eign- (niðurfærð) skatteign	0	(6.067.079)
Tekjuskattur í rekstrarreikningi	<u>5.529.614</u>	<u>0</u>

Skýringar, frh.:

7. Tekjuskattur frh.

Ójafnað skattalegt tap í árslok 2021, sem heimilt er að flytja áfram samkvæmt skattalögum, nemur USD 19,1 millj. Í árslok 2021 var skatteign vegna taps færð upp þar sem áætlanir gera ráð fyrir að nýta það á móti skattalegum hagnaði næstu ára. Yfirfæranlegt skattalegt tap sem ekki nýtist á móti hagnaði innan tíu ára frá því það myndast fellur niður.

Yfirfæranlegt skattalegt tap er nýtanlegt sem hér segir:	2021	2020
Tap ársins 2011, nýtanlegt til ársloka 2021	0	237.445
Tap ársins 2012, nýtanlegt til ársloka 2022	0	216.094
Tap ársins 2013, nýtanlegt til ársloka 2023	0	480.686
Tap ársins 2014, nýtanlegt til ársloka 2024	0	666.537
Tap ársins 2015, nýtanlegt til ársloka 2025	0	1.660.105
Tap ársins 2016, nýtanlegt til ársloka 2026	0	2.131.629
Tap ársins 2017, nýtanlegt til ársloka 2027	915.120	1.932.126
Tap ársins 2018, nýtanlegt til ársloka 2028	4.183.781	4.288.038
Tap ársins 2019, nýtanlegt til ársloka 2029	5.374.033	5.507.951
Tap ársins 2020, nýtanlegt til ársloka 2030	8.579.076	8.802.452
Samtals	<u>19.052.010</u>	<u>25.923.062</u>

8. Óefnislegar eignir

Þróunarkostnaður

Félagið hefur unnið að þróunarverkefni um sjálfvirka ferilvöktun og rekjanleika. Félagið hefur gjaldfært kostnað vegna þróunarverkefna þar til ljóst er að verkefnið verður að söluvöru en þá er beinn kostnaður eignfærður þar til sala hefst. Árið 2012 hlaut félagið staðfestingu Rannís á því að um þróunarverkefni væri að ræða í samræmi við lög nr. 152/2009. Með staðfestingunni öðlast félagið rétt á sérstakri endurgreiðslu sem ákvörðuð er miðað við 35% (2020: 35%) af útlögðum kostnaði vegna þróunarverkefnisins. Þróunarkostnaður er afskrifaður á þremur til fimm árum. Þróunarkostnaður félagsins greinist þannig í árslok:

Bókfært verð í ársbyrjun	4.816.014	2.318.725
Endurflokkað	16.178	0
Eignfærð laun og launatengd gjöld	6.775.048	3.532.230
Eignfærður annar þróunarkostnaður	4.162.264	1.981.006
Reiknuð endurgreiðsla	(2.952.907)	(1.929.632)
Afskrifað á árinu	(2.029.380)	(1.086.314)
Bókfært verð í árslok	<u>10.787.217</u>	<u>4.816.014</u>

Áætluð endurgreiðsla vegna kostnaðar félagsins á árinu 2021 nemur USD 3.0m (2020: USD 1.9m).

Aðrar óefnislegar eignir eru vörumerki og einkaleyfi og greinast þannig:

Bókfært verð í ársbyrjun	120.070	124.115
Endurflokkað	(16.178)	0
Viðbót á árinu	1.513.279	18.180
Afskrifað á árinu	(95.191)	(22.225)
Bókfært verð í árslok	<u>1.521.980</u>	<u>120.070</u>

Afskriftahlutföll

25-30%

Skýringar, frh.:

9. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

Heildarverð	Leigueignir	Vöktunar- búnaður	Skrifstofuáhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2021	2.632.643	11.055.459	1.189.954	14.878.056
Viðbót á árinu	0	85.646.769	2.463.628	88.110.397
Áhrif endurmats leiguskuldbindingar	5.574.616	0	0	5.574.616
Heildarverð verð 31.12.2021	8.207.259	96.702.228	3.653.582	108.563.069
Afskriftir				
Afskrifað 31.12.2020	168.512	1.452.502	359.212	1.980.226
Afskrift ársins	650.723	17.441.731	650.326	18.742.780
Afskrifað 31.12.2021	819.235	18.894.233	1.009.538	20.723.006
Bókfært verð				
Bókfært verð 1.1.2020	0	1.344.037	187.308	1.531.345
Bókfært verð 31.12.2020	2.464.131	9.602.957	830.742	12.897.830
Bókfært verð 31.12.2021	7.388.024	77.807.995	2.644.044	87.840.062
Afskriftahlutföll	3-10%	25-30%	20-33%	

10. Eignarhlutir í dótturfélögum

Félagið á allt hlutafé í fjórum dótturfélögum og greinast eignarhlutirnir þannig:

Árið 2021	Bókfært verð í ársbyrjun	Fjárfesting á árinu	Hlutdeild í afkomu	Þýðingar- munur	Bókfært verð í árslok
Controlant DK Aps, Danmörku	196.763	0	423.445 (38.109)	582.099
Controlant Inc, Bandaríkin	(2.286.596)	0	421.179		0
Controlant Netherlands B.V	0	5.754 (500.660)	25.886	0
Controlant Poland Sp.Z 0.0	0	3.577 (3.577)		0
Samtals	(2.089.833)	9.331	340.386 (12.223)	582.099
Árið 2020					
Controlant DK Aps, Danmörku	108.676	0	70.639	17.448	196.763
Controlant Inc, Bandaríkin	(1.576.337)	0 (697.061)	(13.198)	(2.286.596)
Samtals	(1.467.661)	0 (626.422)	4.250	(2.089.833)

Neikvæð staða eignarhlutar í félaginu er færð til lækkunar á kröfum á dótturfélög í efnahagsreikningi. Umfjöllun um starfsemi dótturfélaga félagsins er að finna í skýrslu stjórnar.

Skýringar, frh.:

11. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur félagsins í árslok 2021 námu USD 15,6 millj. en þær voru USD 2,1 millj. í árslok 2020. Greiðslufrestur viðskiptakrafna er 30-90 dagar og eru kröfur í skilum. Stjórnendur telja því ekki vera tapsáhættu í viðskiptakröfum.

12. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

	2021	2020
Fyrirframgreiddur kostnaður	55.372.468	1.838.812
Inneign virðisaukaskatts	1.552.462	1.389.964
Aðrar skammtímakröfur	3.063.114	1.983.353
Aðrar skammtímakröfur samtals	59.988.044	5.212.129

Fyrirframgreiddur kostnaður samanstendur af greiðslum til tveggja af stærstu birgjum félagsins, tengt pöntunum á tækjum sem koma til afhendingar á árinu 2022.

13. Eigið fé og eiginfjárstýring

Hlutafé

Hlutafé félagsins samkvæmt samþykktum nemur 6.024.470 kr. í árslok 2021 og skiptist það í 1.512.507 A hluti og 4.511.963 B hluti. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Eigendur hlutafjár í B flokki skulu njóta forgangs til greiðslna sem samsvara upphaflegri fjárfestingu þeirra, sjá nánar í samþykktum félagsins. Í efnahagsreikningi félagsins er búið að umreikna hlutafé félagsins í USD.

Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutafjár

Á yfirverðsreikning hlutafjár er færður mismunur á nafnverði og söluverði hlutafjár sem félagið hefur selt.

Bundinn þróunarkostnaður

Bókfært verð eignfærðs þróunarkostnaðar er fært af óráðstöfuðu eigin fé á bundinn reikning meðal eigin fjár í samræmi við lög um ársreikninga.

Óinnleystur hagnaður dótturfélaga

Í samræmi við lög um ársreikninga er hlutdeild í afkomu dótturfélaga í rekstrarreikningi færð af óráðstöfuðu eigin fé á bundinn reikning meðal eigin fjár að því marki sem hlutdeildin er umfram móttekinn arð frá þessum félögum eða þann arð sem ákveðið hefur verið að úthluta.

Þýðingarmunur

Þýðingarmunur samanstendur af gengismun sem verður til vegna umreiknings reikningsskila erlendra dótturfélaga í starfrækslugjaldmiðil móðurfélagsins.

Óráðstafað eigið fé (ójafnað tap)

Hagnaður (tap) ársins er færður á óráðstafað eigið fé (ójafnað tap).

Eiginfjárstýring

Það er stefna stjórnar félagsins að eiginfjárstaða félagsins sé sterk til að styðja við framtíðarþróun starfseminnar. Stjórn félagsins stefnir að því að því að móta eiginfjárstefnu á árinu 2022 með tilliti til rekstrar félagsins og framtíðaráforma til lengri tíma. Eiginfjárlutfall félagsins var 14% í árslok 2021 samanborið við 28% í árslok 2020 en stórt hlutfall fyrirframgreiddra tekna við árslok 2021 skekkir þetta hlutfall verulega og því þarf að taka tillit til þess við mat á eiginfjárlutfalli.

Skýringar, frh.:

14. Leiguskuld

Félagið hefur gert húsaleigusamning vegna skrifstofu- og lagerhúsnæðis. Leigusamningar í ársbyrjun 2020 voru óverulegir og því engar leiðréttingar gerðar á efnahagsreikningi félagsins þann 1. janúar 2020 í tengslum við innleiðingu á IFRS: Við innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla var lagt mat á leigutíma en við það mat þarf eftir atvikum að horfa til ýmissa þátta svo sem framlengingar- og uppsagnarheimilda. Leiguskuld félagsins vegna húsaleigusamnings greinist þannig:

	2021	2020
Bókfært verð í ársbyrjun	2.594.173	0
Nýir samningar og áhrif endurmats	5.564.186	2.632.643
Afborgarnir leigusamninga	(351.822)	(38.470)
Leiguskuldir samtals	7.806.537	2.594.173
Næsta árs afborgun	(1.347.993)	(412.267)
Langtímahluti leiguskuldar	6.458.544	2.181.906
Eftirstöðvar leiguskulda breinast þannig í árslok:		
Innan eins árs	1.396.649	421.591
Eitt til fimm ár	4.839.573	1.813.619
Meira en fimm ár	4.803.543	1.963.858
Ónúvirtar greiðslur alls	11.039.764	4.199.068
Ófærð vaxtagjöld	(3.233.227)	(1.604.895)
Leiguskuldir samtals	7.806.537	2.594.173

Nánast öll leiguskuldbinding félagsins er verðtryggð í íslenskum krónum.

15. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar félagsins eru stjórnendur þess, félög í eigu stjórnenda auk móðurfélags og dótturfélaga. Viðskipti félagsins við stjórnendur voru óveruleg á árinu og tengjast einungis kaupréttum, en upplýsingar um laun er að finna í skýringu 4.

Á árinu nam vörusala móðurfélagsins til dótturfélaga USD 0,2m (2020: USD 0,1m). Kröfur móðurfélagsins á dótturfélögin námu USD 2,5m í árslok (2020: USD 0,3m). Skuldir við dótturfélög nánum USD 2,4m (2020: USD 0m)

Kaupréttarsamningar

Gerðir hafa verið samningar við stjórnendur, aðra starfsmenn og ráðgjafa um kaup á hlutabréfum að nafnverði samtals um 472 þús. kr. í samræmi við heimildir í samþykktum stjórnar. Meðalgengi í samningunum er um 1.202 kr. á hlut en nú þegar hafa kaupréttarhafar nýtt kauprétti að nafnverði 230.827 kr. Samningarnir eru nýtanlegir á árunum 2022-2031. Þeir verða eingöngu gerðir upp með afhendingu hlutabréfa gegn umsáminni greiðslu.

Skýringar, frh.:

16. Áhætta vegna fjármálagerninga

Eins og fram kemur í skýrslu stjórnar er lánsáhætta félagsins, sem kemur til vegna viðskiptakrafna, ekki talin vera veruleg og hafa tapaðar kröfur verið óverulegar. Breyting á starfrækslugjaldmiðli félagsins yfir í USD frá og með árinu 2021 hefur leitt til þess að mjög hefur dregið úr gengisáhættu félagsins. Lausafjárahætta er sömuleiðis talin vera lítil vegna stöðu handbærs fjár í árslok og stór hluti skulda eru fyrirframinnheimtar tekjur. Félagið býr eingöngu við gjaldmiðlagengisáhættu í rúma tvo mánuði frá og með reikningsskiladegi eða sem nemur greiðslufresti á kröfum og skuldum í annarri mynt en starfrækslugjaldmiðli félagsins. Vegna þess hversu stutt er til gjalddaga er ekki sýnd næmigreining vegna gjaldmiðlaáhættu.

Gjaldmiðlaáhætta félagsins felst fyrst og fremst í því hlutfalli rekstrarkostnaðar sem fellur til í ISK en félagið nýtir framvirka samninga um kaup á ISK til áhættustýringar vegna þessarar gjaldmiðlaáhættu.

Rekstraráhætta er hættan á beinu eða óbeinu tapi sem getur orðið vegna fjölda þátta í starfsemi félagsins, vinnu starfsmanna, tækni og skipulagi, og ytri þáttum.

Rekstraráhætta myndast við alla starfsemi félagsins. Það er stefna félagsins að stýra rekstraráhættu með sem bestum hætti til að forðast fjárhagslegt tap og til að vernda orðstír félagsins, jafnframt því að starfsreglur takmarki ekki frumkvæði og sköpunargáfu starfsmanna. Til að draga úr rekstraráhættu er meðal annars komið á viðeigandi aðskilnaði starfa, unnið reglulegt áhættumat, starfsmenn þjáfaðir, verkferlar skipulagðir og skráðir og keyptar tryggingar þegar við á. Áhættumat er unnið útfrá stöðlum sem skilgreindir eru í vottunum félagsins, ISO 9001:2015, ISO 27001:2013 og SOC 2 type 2.

17. Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla

Eins og fram kemur í skýringu 2.a er þetta fyrsti ársreikningur félagsins sem gerður er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, (e. *International Financial Reporting Standards*, IFRS) en reikningsskil félagsins voru á fyrri árum gerð í samræmi við íslensk ársreikningalög. Bandaríkjadollar (USD) er starfrækslugjaldmiðill félagsins frá og með árinu 2021 en var áður íslensk króna (ISK).

Ársreikningur félagsins fyrir árið 2021 er gerður í samræmi við þær reikningsskilaaðferðir sem fjallað er um í skýringum um reikningsskilaaðferðir. Þetta á einnig við um samanburðarfjárhæðir fyrir árið 2020 og opnunarefnahagsreikning 1. janúar 2020, sem telst vera innleiðingardagur alþjóðlegra reikningsskilastaðla hjá félaginu. Vegna breytinga á starfrækslugjaldmiðli voru allar fjárhæðir á innleiðingardeg, sem og samanburðarfjárhæðir fyrra árs, þýddar úr ISK í USD á gengi á innleiðingardeg en það var 127 kr/usd.

Við innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla eru eignir og skuldir félagsins yfirfarnar á innleiðingardeg. Eftir því sem við á eru áður ófærðar eignir og / eða skuldir færðar í efnahagsreikning en eignir sem ekki uppfylla skráningarskilyrði alþjóðlegra reikningsskilastaðla eru færðar úr efnahagsreikningi. Mótbókun við skráningu eða afskráningu eigna og skulda er almennt færð á óráðstafað eigið fé, að teknu tilliti til áhrifa á frestaðan tekjuskatt eftir því sem við á.

Eftirfarandi umfjöllun og töflur sýna helstu áhrif innleiðingar alþjóðlegra reikningsskilastaðla á reikningsskil félagsins. Auk þess sem þar kemur fram hefur skýringum verið bætt við ársreikninginn eftir því sem við á enda gera staðlarnir ítarlegri kröfur um upplýsingagjöf en ársreikningalög.

Skýringar, frh.:

17. Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla, frh.

Yfirlit um helstu breytingar við innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla

Kaupréttarsamningar við starfsmenn

Félagið hefur gert kaupréttarsamninga við starfsmenn. Kaupréttarsamningarnir verða eingöngu gerðir upp með afhendingu hluta í félaginu gegn umsaminni greiðslu. Virði samninganna er reiknað og kostnaðurinn gjaldfærður í rekstrarreikningi á ávinnslutímabili samninganna. Mótbókun við gjaldfærslu er færð á óráðstafað eigið fé. Gjaldfærsla á árinu 2020 nam USD 0,5m og USD 0,6m á árinu 2021 en áhrifin á eigið fé eru engin. Nánari upplýsingar um kaupréttarsamninga félagsins er að finna í skýringu 15.

Leigusamningar

Félagið hefur gert húsaleigusamning. Samninginn flokkaði félagið sem rekstrarleigusamning samkvæmt ársreikningalögum og var hann því ekki færður í efnahagsreikning. Í samræmi við kröfur alþjóðlegra reikningsskilastaðalsins IFRS 16 *Leigusamningar* færði félagið leigusamninginn til skuldar í efnahagsreikning á innleiðingardegi. Á móti færslu leiguskuldar var færð leigueign (nýtingarréttur). Leigueignin er afskrifuð á áætluðum leigutíma en leigugreiðslunni er skipt í vaxtagjalda- og afborgunarhluta. Leigusamningar á innleiðingardegi voru óverulegir og því engar færslur gerðar vegna þeirra. Nánari upplýsingar um leigusamninga félagsins er að finna í skýringu 14.

Áhrif innleiðingar á IFRS á reikningsskil félagsins voru engin á innleiðingardegi eða 1. janúar 2020. Áhrifin á 31. desember 2020 greinast þannig:

Áhrif innleiðingar IFRS á efnahagsreikning félagsins 31. desember 2020

	Fyrri reikningsskil	Breyting	IFRS reikningsskil
Eignir			
Óefnislegar eignir	4.936.084	0	4.936.084
Rekstrarfjármunir	10.433.699	2.464.131	12.897.830
Eignarhlutir í dótturfélögum	196.763	0	196.763
Fastafjármunir samtals	15.566.546	2.464.131	18.030.677
Birgðir	1.792.840	0	1.792.840
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	7.618.724	0	7.618.724
Handbært fé	22.060.196	0	22.060.196
Veltufjármunir samtals	31.471.760	0	31.471.760
Eignir samtals	47.038.307	2.464.131	49.502.438

Skýringar, frh.:

17. Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla, frh.

	Fyrri reikningsskil	Breyting	IFRS reikningsskil
Eigið fé			
Eigið fé	13.902.058	(130.042)	13.772.016
Langtímaskuldir			
Breytanlegt vaxtaberandi lán	10.253.903	0	10.253.903
Leiguskuld	0	2.181.906	2.181.906
Langtímaskuldir samtals	10.253.903	2.181.906	12.435.809
Skammtímaskuldir			
Næsta árs afborgun leiguskuldar	0	412.267	412.267
Fyrirfram innheimtar tekjur	18.957.822	0	18.957.822
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	3.924.524	0	3.924.524
Skammtímaskuldir samtals	22.882.346	412.267	23.294.613
Skuldir samtals	33.136.249	2.594.173	35.730.422
Eigið fé og skuldir samtals	47.038.307	2.464.131	49.502.438

Áhrif innleiðingar IFRS á rekstrarreikning félagsins fyrir árið 2020

Rekstartekjur			
Sala vöru og þjónustu	6.255.937	0	6.255.937
Rekstrargjöld			
Kostnaðarverð seldrar vöru og þjónustu	3.523.015	0	3.523.015
Laun og launatengd gjöld	5.449.677	371.140	5.820.817
Annar rekstrarkostnaður	2.319.747	(211.794)	2.107.953
Afskriftir	1.794.968	168.512	1.963.480
	13.087.407	327.858	13.415.265
Rekstartap fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(6.831.470)	(327.858)	(7.159.328)
Hreinar fjármunatekjur	(2.265.828)	(173.324)	(2.439.152)
Afkoma dótturfélaga	(626.422)	0	(626.422)
Tap ársins	(9.723.720)	(501.182)	(10.224.902)